

ÁKVÖRDUN SAMEIGINLEGU EES-NEFNDARINNAR
nr. 78/2000

frá 2. október 2000

**um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun)
við EES-samninginn**

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN HEFUR,

með hliðsjón af samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, eins og hann var aðlagður með bókun um breytingu á samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, er nefnist hér á eftir samningurinn, einkum 98. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

- 1) II. viðauka við samninginn var breytt með ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 19/2000 frá 25. febrúar 2000⁽¹⁾.
- 2) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/180/EB frá 23. febrúar 2000 þar sem framlengdur er mögulegur gildistími bráðabirgðaleyfis fyrir nýja virka efnið *Pseudomonas chlororaphis*⁽²⁾ skal felld inn í samninginn.
- 3) Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB frá 1. mars 2000 þar sem virku efni (flúroxýprí) er bætt við í I. viðauka við tilskipun ráðsins 91/414/EBE um markaðssetningu plöntuvarnarefna⁽³⁾ skal felld inn í samninginn.

ÁKVEÐIÐ EFTIRFARANDI:

1. gr.

Eftirfarandi undirliður bætist við í lið 12a (tilskipun ráðsins 91/414/EBE) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„- **32000 L 0010:** Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB frá 1. mars 2000 (Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28).“

⁽¹⁾ Hefur enn ekki verið birt.

⁽²⁾ Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 34.

⁽³⁾ Stjtið. EB L 57, 2.3.2000, bls. 28.

2. gr.

Eftirfarandi liður komi aftan við lið 12i (reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2161/1999) í XV. kafla II. viðauka við samninginn:

„12j. **3200 D 0180:** Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/180/EB frá 23. febrúar 2000 þar sem framlengdur er mögulegur gildistími bráðabirgðaleyfis fyrir nýja virka efnið *Pseudomonas chlororaphis* (Stjtíð. EB L 57, 2.3.2000, bls. 34).“

3. gr.

Texti ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/180/EB og tilskipunar framkvæmdastjórnarinnar 2000/10/EB á íslensku og norsku, sem verður birtur í EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*, telst fullgiltur.

4. gr.

Ákvörðun þessi öðlast gildi hinn 3. október 2000, að því tilskildu að allar tilkynningar samkvæmt 1. mgr. 103. gr. samningsins hafi verið sendar sameiginlegu EES-nefndinni (*).

5. gr.

Ákvörðun þessi skal birt í EES-deild og EES-viðbæti við *Stjórnartíðindi Evrópubandalaganna*.

Gjört í Brussel 2. október 2000.

*Fyrir hönd sameiginlegu EES-nefndarinnar
Formaður*

G. S. Gunnarsson

*Ritarar
sameiginlegu EES-nefndarinnar*

G. Vik

E. Gerner

(*) Engin stjórnskipuleg skilyrði gefin til kynna.

